

Lögbirtingablað



Gefið út samkvæmt lögum nr. 64 16. des. 1943

Heimilisfang: Síðumúli 29, 2. hæð,
150 Reykjavík.
Sími 560 9050. Myndsendir 568 7646.
Netfang: logbirtingabladid@dkm.stjr.is
Veffang: <http://lagabirting.is>
Árg. kostar kr. 2.500, eintakið kr. 65.

Nr. 26

95. ár

Föstudaginn 8. mars 2002

Laust starf

Kópavogur

Laus eru til umsóknar ein staða lögreglu-manns hjá embætti sýslumannsins í Kópavogi með starfsstigið varðstjóri/rannsóknarlögreglu-maður. Umsóknum skal skilað til sýslumanns, Þorleifs Pálssonar, en umsóknarfrestur rennur út þann 15. mars 2002. Friðrik Björgvinsson yfir-lögregluþjónn veitir nánari upplýsingar um stöð-una.

Ráðningarkjör eru skv. kjarasamningi fjár-málaráðherra f.h. ríkissjóðs og Landssambands lögreglumanna. Starfshlutfall er 100%. Um-sækjendur skulu hafa lokið prófi frá Lögreglu-skóla ríkisins. Umsóknir sem berast eftir að um-sóknarfresti lýkur verða ekki teknar til greina. Öllum umsóknum verður svarað af viðkomandi lögreglustjóra þegar ákvörðun um skipun, setn-ingu eða ráðningu hefur verið tekin af ríkislög-reglustjóra, eða dómsmálaráðherra, sem skipar eða setur yfir- og aðstoðaryfirlögregluþjóna.

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðu-blöðum sem fást hjá öllum lögreglustjórum. Einnig er hægt að nálgast þau á lögregluvefnum, www.logreglan.is, undir liðnum „*Eyðublöð*“.

Konur sem uppfylla skilyrðin eru sérstaklega hvattar til að sækja um.

Reykjavík, 28. febrúar 2002.
Ríkislögreglustjórinn.

(1807

Stefnur

**Héraðsdómarinn á Vestfjörðum,
Erlingur Sigtryggsson**

gerir kunnugt: Mér hefur tjáð Tryggvi Guð-mundsson hdl., Hafnarstræti 1, Ísafirði, fyrir hönd Fylkis Ágústssonar, kt. 241243-3709, Fjarðarstræti 15, Ísafirði, að höfða þurfi mál fyrir héraðsdómi Vestfjarða til ógildingar á veð-skuldabréfi.

Dómkröfur: Stefnandi kveðst gera þær dóm-kröfur að ógilt verði með dómi veðskuldabréf að fjárhæð kr. 568.750 útgefið á Ísafirði af stefn-anda 30. janúar 1984.

Málsástæður og önnur atvik: Stefnandi kveð-ur málavexti vera þá að hann hafi gefið út skuldabréf á Ísafirði, 30. janúar 1984 til hand-hafa, er hann keypti fasteignina Fjarðarstræti 15, Ísafirði. Bréfið hafi upphaflega verið að fjárhæð kr. 568.750. Bréfið hafi átt að greiða með sjö jöfnum greiðslum með gjalddögum 1. maí og 1. nóvember ár hvert, í fyrsta sinn 1. maí 1984. Í vexti skyldu greiðast 20% ársvextir. Til trygg-ingar skuldinni hafi fasteignin Fjarðarstræti 15, Ísafirði, verið veðsett með 1. veðrétti.

Stefnandi, sem kveðst vera eigandi veðsins, kveður ofangreint skuldabréf löngu uppgreitt, en frumrit veðskuldabréfsins hafi glatast og hafi það eigi fundist þrátt fyrir mikla leit. Sé honum því nauðsynlegt að fá bréfið ógilt með dómi svo afmá megi veðið að ofangreindri eign.

Auglýsing

um deiliskipulag og breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

Kvos/Grjótaþorp, breyting á deiliskipulagi Kvosarinnar og nýtt deiliskipulag fyrir Grjótaþorp.
Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýst til kynningar tillaga að breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar og nýtt deiliskipulag fyrir Grjótaþorp.

Skipulagssvæðið afmarkast af Aðalstræti í austur, Túngötu í suður, Garðastræti í vestur og Vesturgötu í norður. Tillagan tekur þó einnig til hluta Fógetagarðsins austan Aðalstrætis, sunnan við húsið að Aðalstræti 9. Tillagan gerir m.a. ráð fyrir að Grjótaþorpið verði hverfisverndað, nokkrar breytingar verði á lóðamörkum og töluverðar breytingar á byggingaráformum á lóðinni nr. 16 við Aðalstræti (áður Aðalstræti 14-18/Túngata 2-4). Þá gerir tillagan ráð fyrir niðurrífi og nýbyggingum á lóðunum nr. 4 og 10 við Aðalstræti, viðbyggingum við húsið að Grjótagötu nr. 5, nr. 23 við Garða-stræti og Mjóstræti 4, ásamt frekari takmörkun á landnotkun á miðborgarhluta Grjótaþorpsins. Óheimilt verði að setja á stofn eða starfrækja þar; næturklúbba, dansstaði, skemmtistaði og spilasali. Verði tillagan samþykkt fellur eldra deiliskipulag Grjótaþorps úr gildi svo og hluti deiliskipulags Kvosarinnar, þ.e. sá hluti sem tekur til húsanna vestan Aðalstrætis og Fógetagarðsins.

Tillagan hefur áður verið auglýst en er nú auglýst að nýju þar sem gerðar hafa verið á henni nokkrar breytingar. Helstu breytingarnar frá áður auglýstri tillögu eru þær að hús, sem gert er ráð fyrir að risi á lóðinni nr. 16 við Aðalstræti, hækkar nokkuð. Bílakjallari undir því húsi er felldur nið-ur en í staðinn er gert ráð fyrir sýningarsal í kjallara vegna fornminja sem þar er að finna. Aðkoma að kjallaranum verði í Fógetagarðinum um undirgöng/kjallara undir Aðalstræti. Þá er gert ráð fyrir að húsið við Aðalstræti 4 hækki, þakform þess breytist og byggingarmagn á þeirri lóð aukist í samræmi við það. Bætt hefur verið við viðbyggingarmöguleika við hús nr. 4 við Mjóstræti.

Tillagan liggur frammi í sal skipulags- og byggingarsviðs í Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 10.00 – 16.00 frá 8. mars – til 19. apríl 2002. Eru hagsmunaaðilar hvattir til að kynna sér hana ítarlega. Ábendingum og athugasemdum skal skila skriflega til skipulags- og byggingarsviðs, merkt skipulagsfulltrúa, eigi síðar en 19. apríl 2002.

Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 1. mars 2002.
Borgarskipulag Reykjavíkur.

1963)

Auglýsing

frá Skipulagsstofnun

Úrskurður um mat á umhverfisáhrifum landfyllingar í Arnarnesvogi, Garðabæ, felldur úr gildi.

Skipulagsstofnun hefur þann 26. febrúar 2002, að beiðni Björgunar og BYGG, felldur úr gildi úrskurð um mat á umhverfisáhrifum landfyllingar í Arnarnesvogi, Garðabæ, frá 20. september 2001 vegna breyttra framkvæmdaáforma.

Skipulagsstofnun.

1806)

Auglýsing

um breytingu á deiliskipulagi íþrótt- og skólasvæðis við Skólabraut í Garðabæ

Samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Garðabæjar og með vísan til 25. gr. skipulags- og bygg-ingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum er hér með auglýst eftir athugasemdum við tillögu að breytingu á deiliskipulagi íþrótt- og skólasvæðis við Skólabraut í Garðabæ þar sem gert er ráð fyrir m.a. viðbyggingum við Hofsstáðaskóla og Fjölbrautaskólann í Garðabæ, byggingu íþróttahúss og fjölgun bílastæða.

Tillagan liggur frammi á bæjarskrifstofunum í Garðabæ, Garðatorgi, frá 8. mars 2002 til og með 5. apríl 2002. Athugasemdum við ofangreinda tillögu skal skila til skipulagsfulltrúa Garðabæjar á bæjarskrifstofum Garðabæjar, Garðatorgi 7, fyrir 20. apríl 2002 og skulu þær vera skriflegar.

Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests teljast vera samþykkir tillögunni.

Skipulagsfulltrúi Garðabæjar.

1949)

Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Arnarneshrepps 1997-2017

Sveitarstjórn Arnarneshrepps auglýsir hér með tillögur, á þremur uppdráttum, að breyttu aðal-skipulagi sveitarfélagsins samkvæmt 18. og 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og gr. 6.2.2. skipulagsreglugerðar nr. 400/1998.

- Tillögur að breytingum eru á eftirfarandi stöðum:
Svæði 1: Í landi jarðarinnar Ytri-Bakka, sex atriði.
Svæði 2: Á Hjalteyri, eitt atriði.
Svæði 3: Í landi jarðarinnar Ásláksstaða og jarðarinnar Óss, tvö atriði.

Tillögurnar verða til sýnis hjá oddvita frá og með 8. mars 2002 til og með 5. apríl 2002.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við skipu-lagstillögunar. Frestur til að skila athugasemdum rennur út þann 19. apríl 2002 og þeir sem það ekki gera teljast samþykkir þeim. Skila skal skriflegum athugasemdum til oddvita Arnarneshrepps.

Oddviti Arnarneshrepps.

1957)

Nauðungarsölur

Reykjavík

Eftirtalдар beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Skógarhlíð 6, Reykjavík, fimmtudaginn 11. apríl 2002 kl. 10.00, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

Heiti eignar:	Gerðarþoli (-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
Austurberg 34, 0102, eins herb. íbúð á 1. hæð 1703)	Ingólfur Árni Jónsson	Tollstjóraembættið	46.237
Árskógar 8, 0804, 70,0 fm íbúð, geymsla merkt 0030 m.m. 1704)	Bjarni Jónsson og Fríða Helgadóttir	Lífeyrissjóður sjómanna	195.351
Baldursgata 13, 0201, 2ja herb. íbúð á 2. hæð t.v. 1705)	Kristinn Ágúst Halldórsson	Baldursgata 13, húsfélag	89.237
Bíldshöfði 18, 010207, 173,9 fm atvinnuhúsnæði á 2. hæð 1706)	Friðrik Daníelsson	Tollstjóraembættið	188.471
Bláhamrar 2, -0101, 2ja herb. íbúð á 1. hæð 1707)	Sigurbjörg Kristjánsdóttir	Landsbanki Íslands hf., aðalstöðvar	1.395.807
Bláhamrar 4, 0301, 2ja herb. íbúð á 3. hæð 1708)	Hörður S. Arinbjarnar	Bláhamrar 2-4, húsfélag	169.091
Blikahólar 2, 0304, 50% ehl. í 4ra herb. íbúð á 3. hæð merkt A 1709)	Jón Magnús Halldórsson	Tollstjóraembættið	612.590
Breiðavík 39, 0101, 50% ehl. í 82,5 fm íbúð á 1. hæð t.v. m.m. stæði í bílageymslu merkt 0017 og geymsla á 1. hæð merkt 0103 1711)	Ágúst Atlason	Landsbanki Íslands hf., höfuðstöðvar	962.830
Búagrund 8, parhús 1712)	Jón Pétur Líndal	Tollstjóraembættið	1.292.917
Dalbraut 1, 0301, 117,3 fm 5 herb. íbúð á 3. hæð t.v. ásamt geymslu og bílskúr 1713)	Elías Halldór Elíasson og Elísa Hjördís Ásgeirsdóttir	Dalbraut 1, húsfélag	167.474

Lagarök: Stefnandi vísar til 120. og 121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varð-andi varnarþing vísar stefnandi til 2. tl. 120. gr. laga nr. 91/1991.

Sönnunargögn: Stefnandi kveðst leggja fram máli sínu til sönnunar eftirtalin gögn: Stefnu þessa, beiðni um útgáfu ógildingarstefnu, stað-fest ljósrit veðskuldabréfsins, veðbókarvottorð og Lögbirtingablað það sem stefna þessi birtist í.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim er kann að hafa framangreint veðskulda-bréf undir höndum, eða telur til réttar yfir því, til þess að mæta í héraðsdómi Vestfjarða, sem hald-inn verður í dómsal embættisins að Hafnarstræti 1, Ísafirði, 17. apríl 2002, kl. 10.00 árdegis, til þess þar og þá að sanna rétt sinn til veðskulda-bréfsins, þar sem ella má búast við að útivistar-dómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Ísafirði, 25. febrúar 2002.

Erlingur Sigtryggsson.

(1798

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Vesturbyggð, kt. 510694-2369, Aðal-stræti 63, 450 Patreksfirði.

Stefndi: Þórir Guðmundur Hinriksson, kt. 020631-2799, Ægisholti, 451 Patreksfirði (dreif-býli).

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Gunnar Sv. Friðriksson hdl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 431.418 ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af kr. 31.722 frá 1. mars 1999 til 1. apríl 1999, af kr. 42.296 frá 1. apríl 1999 til 1. maí 1999, af kr. 53.062 frá 1. maí 1999 til 15. maí 1999, af kr. 63.828 frá 15. maí 1999 til 15. júní 1999, af kr. 85.360, frá 15. júní 1999 til 1. júlí 1999, af kr. 106.896 frá 1. júlí 1999 til 1. ágúst 1999, af kr. 128.432 frá 1. ágúst 1999 til 1. september 1999, af kr. 149.968 frá 1. september 1999 til 20. október 1999, af kr. 171.618 frá 20. október 1999 til 1. nóvember 1999, af kr. 193.268 frá 1. nóvember 1999 til 1. desember 1999, af kr. 214.918 frá 1. desember 1999 til 1. janúar 2000, af kr. 236.568 frá 1. janúar 2000 til 1. febrúar 2000, af kr. 258.218 frá 1. febrúar 2000 til 1. mars 2000, af kr. 279.868 frá 1. mars 2000 til 1. apríl 2000, af kr. 301.518 frá 1. apríl 2000 til 1. maí 2000, af kr. 323.168 frá 1. maí 2000 til 1. júní 2000, af kr. 344.818 frá 1. júní 2000 til 1. júlí 2000, af kr. 366.468 frá 1. júlí 2000 til 1. ágúst 2000, af kr. 388.118 frá 1. ágúst 2000 til 1. september 2000, af kr. 409.768 frá 1. september 2000 til 1. október 2000, af kr. 431.418 frá 1. október 2000 til 1. júlí 2001, en frá þeim degi af stefnufjárhæð til greiðsludags með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtrygg-ingu.

Inn á skuldina hafa verið greiddar þessar inn-borganir: Þann 7. febrúar 1999 kr. 50.000, þann 27. júlí 1999 kr. 70.826, þann 8. febrúar 2000 kr. 10.766, þann 8. febrúar 2000 kr. 10.766, þann 8. febrúar 2000 kr. 10.766, þann 8. febrúar 2000 kr. 6.932, þann 9. júní 2000 kr. 25.000, þann 10. október 2000 kr. 2.730, þann 10. október 2000 kr. 193, þann 10. október 2000 kr. 10.770, þann 10. október 2000 kr. 370, þann 10. október 2000 kr. 10.825, þann 10. október 2000 kr. 10.825, þann 10. október 2000 kr. 4.287, og þann 16. nóvember 2000 kr. 50.000, og verður tekið tillit til þeirra við upp-gjör kröfunnar á innborgunar degi.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur. Auk þess er krafist virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Málsatvik og málsástæður: Krafa stefnanda er vegna ógreiddrar húsaleigu fyrir fasteignirnar að Kjarrholti 1 og Kjarrholti 3, Vesturbyggð, fyrir tímabilið mars 1999 til og með október 2000. Krafan er byggð á eftirtöldum 21 greiðsluseðli.

Nr.	Útgáfudagur	Gjalddagi	Fjárhæð
1.	1. mars 1999	1. mars 1999	31.722
2.	1. apríl 1999	1. apríl 1999	10.574
3.	1. maí 1999	1. maí 1999	10.766
4.	15. maí 1999	15. maí 1999	10.766
5.	15. júní 1999	15. júní 1999	21.532
6.	1. júlí 1999	1. júlí 1999	21.536
7.	1. ágúst 1999	1. ágúst 1999	21.536
8.	1. september 1999	1. september 1999	21.536
9.	20. október 1999	20. október 1999	21.650
10.	1. nóvember 1999	1. nóvember 1999	21.650
11.	1. desember 1999	1. desember 1999	21.650
12.	1. janúar 2000	1. janúar 2000	21.650
13.	1. febrúar 2000	1. febrúar 2000	21.650
14.	1. mars 2000	1. mars 2000	21.650
15.	1. apríl 2000	1. apríl 2000	21.650
16.	1. maí 2000	1. maí 2000	21.650
17.	1. júní 2000	1. júní 2000	21.650
18.	1. júlí 2000	1. júlí 2000	21.650
19.	1. ágúst 2000	1. ágúst 2000	21.650
20.	1. september 2000	1. september 2000	21.650
21.	1. október 2000	1. október 2000	21.650

Fjárhæð nokkurra greiðsluseðla er hærri en stefnufjárhæð vegna þeirra og helgast það af því að dráttarvextir, er settir voru á greiðsluseðillinn, hafa verið dregnir frá greiðsluseðilsfjárhæð. Eftirstöðvar skuldarinnar hafa ekki fengist greiddar þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar. Krafast er dráttarvaxta frá gjalddaga, sbr. áritun á greiðsluseðlana.

Nauðsynlegt er að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði, þar sem ekki var gerlegt að ná í stefnda með öðrum hætti. Stefndi hefur skráð lögheimili, skv. þjóðskrá, að Ægisholti, Patreksfirði (dreifbýli), Vesturbyggð, en er þó ekki búsettur þar sbr. birtingarvottorð dags. 22. desember 2001 sbr. dskj. nr. 5, og ekki vitað um stað, þar sem hann hefur fasta búsetu, né heldur er kunnugt um vinnustað hans.

Lagatilvísanir: Vísað er til meginreglu kröfurettarins um efndir fjárskuldbindinga, en regla þessi fær m.a. lagastoð í 5., 6. og 28. gr. laga nr. 39/1922.

Stefnandi vísar til húsaleigulaga nr. 36/1994, aðallega 33. gr. laganna.

Kröfur um dráttarvexti styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 og III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Lög nr. 25/1987 voru felld úr gildi þann 1. júlí s.l. með lögum nr. 38/2001. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða nr. II skulu dráttarvextir eftir gildistöku laganna reiknaðir skv. 1. mgr. 6. gr. þeirra.

Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun er reist á lögum númer 50/1988. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda.

Um birtingu í Lögbirtingablaðinu er vísað til 2. mgr. 83. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 89. gr. sömu laga.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Stefnu þessa.
2. Skrá.
3. Afrit Lögbirtingablaðs.
4. 21 greiðsluseðil vegna húsaleiguskuldar.
5. Birtingarvottorð.
6. Innheimtubréf lögmanns.
7. Málskostnaðarreikning.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til

Heiti eignar:	Gerðarþoli(-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
Dragavegur 11 ¹⁷¹⁴⁾	Sonja Berg	Tollstjóraembættið	562.298
Esjugrund 36 ¹⁷¹⁵⁾	Þórður J. Óskarsson	Tollstjóraembættið	142.664
Esjumelur 5, 010101, 181,8 fm geymsla á 1. hæð ¹⁷¹⁶⁾	Geymir ehf.	Tollstjóraembættið	150.092
Esjumelur 9 ¹⁷¹⁷⁾	Kefren ehf.	Tollstjóraembættið	213.309
Eyjar II, 03001, 101,8 fm íbúð í kjallara m.m. ásamt bíla-geymslu 48,45 í í húsi og 50% í lóð ¹⁷¹⁸⁾	Guðrún Ingvadóttir og Haraldur Magnússon	Íbúðalánasjóður	478.170
Faxaból IV F11, eining 1-2 bíl A-Ö hesthús í Víðidal ¹⁷¹⁹⁾	Ásgeir Rafn Reynisson, Sjöfn Sóley Kolbeins og Þröstur Jónsson	Frjálsi fjárfestingarbankinn hf.	3.969.155
Faxafen 14, 0201, 109,3 fm þjónusturými á 2. hæð auk 23,3 fm geymslurýmis m.m. ¹⁷²⁰⁾	Þórarinn Jónsson	Tollstjóraembættið	181.581
Fáfnisnes 5, 0201, aðalíbúð 194,7 fm m.m. ¹⁷²¹⁾	Anna Laufey Sigurðardóttir	Tollstjóraembættið	139.169
Fiskislóð 79a, 0102, 135,2 fm vinnusalur á 1. hæð m.m. og 128,7 fm vinnusalur og skrifstofa á 2. hæð m.m. ¹⁷²²⁾	Vaðlavík ehf.	Tollstjóraembættið	331.764
Fluggarðar 29C, flugskýli nr. 29C ¹⁷²³⁾	Ragnar J. Magnússon	SP fjármögnun hf.	563.867
Fossagata 15 ¹⁷²⁴⁾	Bergljót Sigfúsdóttir	Landsbanki Íslands hf., höfuðstöðvar	1.960.708
Fossaleynir 2 ¹⁷²⁵⁾	Heimilisvörur ehf.	Tollstjóraembættið	725.139
Fossaleynir 6 ¹⁷²⁶⁾	Heimilisvörur ehf.	Tollstjóraembættið	479.608
Funahöfði 7. 0201, 2. hæð ¹⁷²⁷⁾	Ljónynjan ehf.	Tollstjóraembættið	492.569
Glaðheimar 6, 0101, 5 herb. íbúð á 1. hæð m.m. og bílskúr ¹⁷³⁰⁾	Benjamín Stefánsson	Tollstjóraembættið	116.206
Grandagarður 3, 66,66% ehl. ¹⁷³¹⁾	Ólafur Aðalsteinn Bergsveinsson	Tollstjóraembættið	166.674
Grenimelur 5, 0201, 50% ehl. í 9 herb. íbúð á 2. hæð og í risi m.m. og bílskúr að austanverðu við húsið ¹⁷³²⁾	Guðmundur Pétur Davíðsson	Landsbanki Íslands hf., höfuðstöðvar	1.872.437
Grensásvegur 7, 0103, 226,7 fm iðnaðarhúsnæði á 1. hæð m.m. ¹⁷³³⁾	Kaldasel ehf.	Tollstjóraembættið	189.120

Heiti eignar:	Gerðarþoli(-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:	
Grundarhús 48, 0101, 4ra herb. íbúð á 1. hæð 1. íbúð frá vinsri ¹⁷³⁴⁾	Ásta Fanney Reynisdóttir	Lánasjóður íslenskra námsmanna	1.278.859	umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Vestfjarða, á dómþingi sem haldið verður í skrifstofu sýslumanns, Aðal-stræti 92, Patreksfirði, Vesturbyggð, þann 10. apríl 2002, kl. 14.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda eða fyrirsvarsmanna stefnda við þing-festingu og/eða fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfarar-hæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi. Stefnufrestur er einn mánuður.
Grundarland 10 ¹⁷³⁵⁾	Sigurður Guðmundsson og Áslaug Benediktsdóttir	Tollstjóraembættið	189.124	Hafnarfirði, 26. febrúar 2002. F.h. stefnanda, Gunnar Sv. Friðriksson hdl. ⁽¹⁸⁰⁵⁾
Gylfaflöt 18 ¹⁷³⁶⁾	Ásmundur Þór Kristinsson	Tollstjóraembættið	136.593	
Háagerði 17, 0101, neðri hæð m.m. ¹⁷³⁷⁾	Elíza Guðmundsdóttir	Íbúðalánasjóður og tollstjóraembættið	1.228.666	
Háteigsvegur 2, 0201, efri hæð og ris ¹⁷³⁸⁾	Sveinn Guðmundsson	Tollstjóraembættið	137.271	
Háteigsvegur 20, 0102, 67,1 fm verslun og 39,2 fm geymsla m.m. ¹⁷³⁹⁾	Ísólfur Pálmarsson, hljóðfærumb. sf.	Tollstjóraembættið	148.775	
Heiðarás 11, 50% ehl. ¹⁷⁴⁰⁾	Inga Barbara Arthur	Tollstjóraembættið	271.375	
Hjaltabakki 10, 0101, 2ja herb. íbúð á 1. hæð 68,1 fm m.m. ¹⁷⁴¹⁾	Ragnheiður Eyjólfsdóttir	Landsbanki Íslands hf., höfuðstöðvar	2.835.851	
Hólaberg 64, 0101, 64,5 fm íbúð á 1. hæð ásamt 63,7 fm efri hæð, 19,9 fm bílgeymsla merkt 0104 og 1/12 hluti bílastæða- og bílskúralóðar Hólabergs 50-72 ¹⁷⁴²⁾	Lárus Lárusson	Tollstjóraembættið	889.011	
Hólmgarður 34, 0105, 45,0 fm verslunar- og þjónustuhúsnaði í SV-horni ¹⁷⁴³⁾	Guðmundur Stefánsson	Tollstjóraembættið	120.804	Reykjavík, 28. febrúar 2002. Brynjar Níelsson hrl. ^(1813 a)
Hringbraut 119, íbúð 0502 ¹⁷⁴⁴⁾	Andri Sigurðsson	Tollstjóraembættið	343.791	Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, upp-kveðnum 15. febrúar 2002, var dánarbú hjón-anna Björns Björnssonar, f. 23. desember 1853, sem andaðist þann 12. desember 1918 og Guð-nýjar Jónsdóttur, f. 5. ágúst 1865, sem andaðist þann 30. nóvember 1930 og var síðast til heimilis að Grund 2, Reykjavík, tekið til opin-berra skipta.
Hverfisgata 54, 0101, 1. og 2. hæð ¹⁷⁴⁵⁾	Skífan hf.	Tollstjóraembættið	6.085.605	Hér með er skorað á alla þá sem telja sig eiga kröfur á hendur dánarbúinu, muni í vörslu þess eða eiga rétt til arfs eftir hin látnu, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá því að innköllun þessi birtist fyrra sinni. Skriflegar kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra á skrifstofu hans að Lágmula 5, IV. hæð, 108 Reykjavík.
Hverfisgata 105, 0302, 74 fm tvö og hálf súlubil í NV-horni A-álmu á 3. hæð m.m. ¹⁷⁴⁶⁾	Kristinn Sigmarsson	Íslandsbanki-FBA hf.	660.337	Borgarfógetinn í Reykjavík lauk skiptum eftir lát Guðnýjar. Nú hefur hins vegar komið í ljós að landspilda í Flóa var í eign Guðnýjar og Björns og mun hún ekki hafa komið til skipta við skipti eftir Guðnýju. Úrskurður héraðsdóms Reykjavíkur var kveðinn upp að kröfu sýslu-mannsins í Reykjavík á grundvelli 3. tl. 37. gr. laga nr. 20/1991, sbr. 25. gr. og 143. gr. og með vísan til 4. mgr. 44. gr. sömu laga.
Kaplaskjólsvegur 7, 0201, 3-4ra herb. íbúð á 2. hæð ¹⁷⁴⁸⁾	Inga Sigurjónsdóttir	Landsbanki Íslands hf., höfuðstöðvar	287.742	Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra Lágmula 5, IV. hæð, Reykjavík, miðvikudaginn 22. maí 2002 kl. 10.00 síðdegis.
Krosshamrar 20 ásamt bílskúr skv. fasteignamati ¹⁷⁴⁹⁾	Friðgeir Indriðason	Tollstjóraembættið	152.996	Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu vikuna fyrir skiptafund.
Langagerði 2 ¹⁷⁵⁰⁾	Esther Magnúsdóttir	Tollstjóraembættið	143.166	Reykjavík, 28. febrúar 2002. Jóhann H. Níelsson hrl., skiptastjóri. ^(1815 a)
Langholtsvegur 1 ¹⁷⁵¹⁾	Kristín Anna Toft Jónsdóttir	Lífeyrissjóður sjómanna	489.247	Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands, upp-kveðnum þann 24. janúar 2002, var bú Gunnars Valgeirs Reynissonar, kt. 191071-3799, Álfhól-

um 6, Selfossi, tekið til gjaldþrotaskipta. Innköllun vegna Gunnars Valgeirs Reynissonar var fyrst birt í Lögbirtingablaðinu þann 15. febrúar 2002. Frestdagur við skiptin er 13. desember 2001.

Komið hefur í ljós að þrotabúið á einkafirmað Vökvalagnir, kt. 561274-0109 og er hér með skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur Vökvalögnum eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Lágmúla 7, 108 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Lágmúla 7, 5. hæð, Reykjavík, miðvikudaginn 15. maí 2002 kl. 13.30. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 1. mars 2002.
F.h. Gunnars Jóhanns Birgissonar hrl.,
Árnína Steinunn Kristjánsdóttir lögfr.
(1951 a

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkeðnum 18. febrúar 2002, var dánarbú Ragnars Einarssonar, kt. 170343-7009, sem var síðast til heimilis að Laugarnesvegi 38, Reykjavík, og lést hinn 10. apríl 2001, tekið til opinberra skipta.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur dánarbúinu eða eigna í vörslum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Hafnarstræti 20, 4. hæð, 101 Reykjavík.

Skiptafundur, þar sem fjallað verður um skrá vegna lýstra krafna og fjárhagslega stöðu búins, verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Hafnarstræti 20, 4. hæð, Reykjavík, föstudaginn 17. maí 2002 kl. 9.30.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra viku fyrir boðaðan skiptafund.

Reykjavík, 27. febrúar 2002.
Magnús Björn Brynjólfsson hdl.,
skiptastjóri.
(1962 a

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands eystra, uppkveðnum 11. febrúar 2002, var bú Innex ehf., kt. 500596-2449, Hrísum, Eyjafjarðarsveit, 601 Akureyri, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 12. desember 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar til skiptastjóra að Garðarsbraut 15, 640 Húsavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Garðarsbraut 15, Húsavík, miðvikudaginn 15. maí 2002 kl. 13.00.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja þar frammi síðust viku fyrir skiptafund.
(1364 b

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands eystra, uppkveðnum 11. febrúar 2002, var bú Kjartans Kolbeinssonar, kt. 240249-6699, Vestursíðu 36, Akureyri, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 11. desember 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan

Heiti eignar:	Gerðarþoli(-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
Langholtsvegur 13, 1752)	Hilmar Dagbjartur Ólafsson	Tollstjóraembættið	157.017
Laufásvegur 74 1753)	Einar Eiríksson	Tollstjóraembættið	204.450
Laugarásvegur 53, 0101, 5 herb. íbúð á 1. hæð og B 1754)	Jóhanna Ólafsdóttir	Lífeyrissjóður verslunarmanna	169.653
Laugavegur 7, 0402, skrifstofu-húsnæði m.m. 1 bílastæði T í rými 0011 1755)	Landsbanki Íslands hf., byggingadeild	Tollstjóraembættið	232.667
Laugavegur 7, skrifstofuhúsnæði m.m. 2 bílastæði í rými 0011 1756)	Landsbanki Íslands hf., byggingadeild	Tollstjóraembættið	267.608
Laugavegur 33, 0101, verslun í V-enda 1757)	Hár-X, hársnyrtistofa	Tollstjóraembættið	349.670
Laugavegur 176 1758)	Sjónvarpshúsið Laugavegi ehf.	Tollstjóraembættið	4.822.152
Leirubakki 32, 0302, 4ra herb. íbúð á 3. hæð t.h. 1759)	Jóhanna Svavarsdóttir og Tyrfingur Þór Magnússon	Íbúðalánasjóður og tollstjóraembættið	405.870
Logafold 69 1760)	Myndin ehf.	Tollstjóraembættið	189.391
Malarhöfði 2a, 0202, 108,2 fm verslun á 2. hæð 1761)	Hagi ehf.	Tollstjóraembættið	418.436
Mjöllnisholt 14, 0101, 344,8 fm verslunar/þjónustu-húsnæði á 1. hæð t.v. ásamt hlutdeild í sameign 1762)	SP fjármögnun hf.	Tollstjóraembættið	576.931
Möðrufell 13, 0203, 3ja herb. íbúð á 2. hæð t.h. m.m. 1763)	Margrét Ásgeirsdóttir	Landsbanki Íslands hf., höfuðstöðvar	557.020
Nesvegur 59, 0001, 50% ehl. í íbúð í kjallara og 1/3 hluti lóðar 1764)	Ævar R. Kvaran	Tollstjóraembættið	2.265.347
Rafstöðvarvegur 1A, 010101, jarðhús fyrir ofan Ártúnsbrekku 1765)	Desform ehf., markaðsdeild	Tollstjóraembættið	151.669
Safamýri 52, 0302 4ra herb. íbúð á 3. hæð t.h. og bílskúr 1766)	Rósa Hallgeirsdóttir	Tollstjóraembættið	228.285
Skólavörðustígur 4c, 50% ehl. 1767)	Benóný Ægisson	Tollstjóraembættið	162.473
Smiðshöfði 8, 0201, vinnusalur á 2. hæð m.m. 1768)	Pandíon ehf.	Tollstjóraembættið	299.527

Heiti eignar:	Gerðarþoli(-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
Smiðshöfði 8, 0301, vinnusalur á 3. hæð m.m. 1769)	Kristján Friðrik Jónsson	Sjóvá-Almennar tryggingar hf. og Sparisjóður vélstjóra	3.125.420
Smiðshöfði 15, 0102, 112,2 fm iðnaðarhúsnæði t.h. á efri hæð m.m. ásamt millilofti og matshl. 02-0101 og 03-0101 1770)	Smári Þór Svansson	Tollstjóraembættið	286.680
Stangarhylur 7, 0001, 461,3 fm iðnaðarhúsnæði í kjallara m.m 1771)	Líney ehf.	Tollstjóraembættið	635.391
Stangarhylur 7, 0102, 264,1 fm verslunarhúsnæði á 1. hæð t.h. m.m. 1772)	Líney ehf.	Tollstjóraembættið	293.460
Stangarhylur 7, 0201, 272,9 fm gallerý á 2. hæð t.v. m.m. 1773)	Líney ehf.	Tollstjóraembættið	402.615
Stangarhylur 7, 0202, 262,6 fm skrifstofa á 2. hæð t.h. m.m. 1774)	Líney ehf.	Tollstjóraembættið	283.556
Strandasel 9, 0303, 2ja herb. íbúð á 3ju hæð 1775)	Kristín Hraundal	Tollstjóraembættið	225.562
Suðurgata 4, 0101, 50% ehl. í 1. hæð og kjallara m.m. 1776)	Guðjón Pedersen	Tollstjóraembættið	264.231
Suðurhólar 20, 0304, 3ja herb. íbúð á 3. hæð, geymsla merkt 0308 m.m. og bílskúsréttur 1777)	Halldór Bragi Sigurðsson	Tollstjóraembættið	389.641
Suðurlandsbraut 22, 0201, 134,3 fm í V-álmu 2. hæðar m.m. 1778)	Hjörleifur Þórðarson	Tollstjóraembættið	70.065.749
Suðurlandsbraut 32, 0101, 1. hæð bakálmu auk suðurhluta viðbyggingar m.m. 1779)	Fosshamar ehf.	Tollstjóraembættið	463.262
Súluhólar 4, 0202, 4ra herb. íbúð á 2. hæð t.h. nr. 2 1780)	Sigurbjörn Kjartansson	Súluhólar 4, húsfélag	84.537
Svarthamrar 48, 0101, 3ja herb. íbúð á 1. hæð 1781)	Guðrún Jóhanna Arnórsdóttir	Landsbanki Íslands hf., höfuðstöðvar	1.841.556
Tangarhöfði 2, 010001, kjallari í V-enda 1782)	Lamaiðjan ehf.	Tollstjóraembættið	233.679

tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar til skiptastjóra að Garðarsbraut 15, 640 Húsavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Garðarsbraut 15, Húsavík, miðvikudaginn 15. maí 2002 kl. 11.00.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja þar frammi síðust viku fyrir skiptafund.

(1365 b

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands eystra, uppkveðnum 11. febrúar 2002, var bú Fiskmarkaðar Raufarhafnar ehf., kt. 460197-3849, Ásgötu 7, Raufarhöfn, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 30. nóvember 2001.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar til skiptastjóra að Garðarsbraut 15, 640 Húsavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Garðarsbraut 15, Húsavík, miðvikudaginn 15. maí 2002 kl. 10.00.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja þar frammi síðust viku fyrir skiptafund.

(1366 b

Húsavík, 14. febrúar 2002.

Örlygur Hnefill Jónsson hdl.

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands eystra, uppkveðnum 5. febrúar 2002, var bú Ísbúðarinnar Kaupvangsstræti ehf., kt. 560192-2159, Akureyri, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 7. janúar 2002.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja til eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu afhentar á skrifstofu skiptastjóra að Skipagötu 7, 2. hæð, Akureyri, eða sendar í pósthólf 32, 602 Akureyri.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Skipagötu 7, 2. hæð, Akureyri, 27. maí 2002 kl. 10.00.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Akureyri, 14. febrúar 2002.

Þorsteinn Hjaltason hdl.

(1376 b

Bú rekstrarfélags Jöklaferða ehf., kt. 520599-2829, Hafnarbraut 52, Hornafirði, var með úrskurði héraðsdóms Austurlands, uppkveðnum þann 18. febrúar 2002 tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri búsins. Frestdagur við skiptin er 13. desember 2001.

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra búsins innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra í pósthólf 1, 735 Fjarðabyggð.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Strandgötu 53, Fjarðabyggð, fimmtudaginn 16. maí 2002 kl. 15.30.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

(1649 b

Bú Hraðmyndar-Gullhafsins ehf., kt. 461098-2319, Selási 1, Egilsstöðum, var með úrskurði héraðsdóms Austurlands, uppkveðnum þann 15. febrúar 2002 tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri búsins. Frestdagur við skiptin er 13. desember 2001.

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra búsins innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra í pósthólf 1, 735 Fjarðabyggð.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Strandgötu 53, Fjarðabyggð, fimmtudaginn 16. maí 2002 kl. 16.00.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

(1650 b

Fjarðabyggð, 20. febrúar 2002.
Gísli M. Auðbergsson hdl.,
skiptastjóri.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 7. febrúar 2002, var bú Ármann Reykjavík ehf., kt. 431286-2549, með lögheimili að Sundaborg 5, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Félagið rak verslanirnar Roll-ingana og Divaa í Kringlunni, Reykjavík. Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er 7. febrúar 2002.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu þessarar innköllunar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Lágmúla 7, Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Lágmúla 7, Reykjavík, fimmtudaginn 23. maí 2002 kl. 14.00.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja þar frammi síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Reykjavík, 19. febrúar 2002.
Sigurmar K. Albertsson hrl.

(1652 b

Með úrskurði héraðsdóms Austurlands, uppkveðnum þann 15. febrúar 2002, var bú Ásbrúnar ehf., kt. 500699-3029, Einbúabla 12, Egilsstöðum, tekið til gjaldþrotaskipta. Frestdagur við skiptin er 13. desember 2001.

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúinu eða telja til eigna í vörslum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra í búinu innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar. Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Kaupvangi 2, 700 Egilsstöðum.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Kaupvangi 2, 700 Egilsstöðum, föstudaginn 14. maí 2002 kl. 16.00.

Komi ekkert fram um eignir í búinu verður skiptum lokið á þeim fundi með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 að öðrum skilyrðum uppfylltum. Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu skiptastjóra síðustu viku fyrir boðaðan skiptafund.

Egilsstöðum, 20. febrúar 2002.
Hilmar Gunnlaugsson hdl.,
skiptastjóri.

(1663 b

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 13. febrúar 2002, var dánarbú Þóru Finnbogadóttur, kt. 280410-4469, sem lést þann 16. júní 2001 og var síðast til heimilis að

Heiti eignar:	Gerðarþoli(-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
Tangarhöfði 4, 010101, lager og verslun á 1. hæð. Eigninni fylgir lager og 4 bílstæði í kjallararými 0001 ásamt 3 bílstæðum á „rampa“ 1783)	Ósal ehf.	Tollstjóraembættið	229.527
Tangarhöfði 6, 0001, iðnaðar-húsnæði í kjallara m.m. 1784)	YL-hús ehf.	Tollstjóraembættið	179.110
Torfufell 25, 0203, 3ja herb. íbúð á 2. hæð t.h. m.m 1785)	Karl Kristján Hreinsson og Margrét Gísladóttir	Íbúðalánasjóður og Landsbanki Íslands hf., höfuðstöðvar	1.964.686
Tryggvagata 4, 0102, Hamarshúsið, íbúð á 1. hæð 1786)	Vigdís Guðmundsdóttir	Tollstjóraembættið	120.599
Tunguháls 10, 010101, 648,0 fm iðnaðarrými á neðri hæð m.m. 1787)	Trailer og tæki ehf.	Tollstjóraembættið	188.368
Unufell 35, 0301, 4ra herb. íbúð 92,2 fm á 3. hæð t.v. m.m. 1788)	Ingvar Kristinn Guðnason	Tollstjóraembættið	375.212
Veghús 31, 0205, íbúð á 2. hæð t.h. í norðvestur-horni 1789)	Ingunn Guðfinna Leonhardsdóttir og Guðleifur R. Kristinsson	Landsbanki Íslands hf., aðalstöðvar og Veghús 31, húsfélag	1.698.431
Vesturberg 92 ásamt bílskúr skv. fasteignamati 1790)	Elín Óskarsdóttir og Bjarni Halldórsson	Landsbanki Íslands hf., aðalstöðvar	1.552.699
Vesturgata 3 1791)	Vesturgata 3 ehf.	Tollstjóraembættið	831.968
Viðarhöfði 6, 0102, 240,2 fm atvinnuhúsnæði á 1. hæð 1792)	Björn Andrés Bjarnason	Tollstjóraembættið	347.409
Vættaborgir 132, 50% ehl. 1793)	Hrefna Friðgeirsdóttir	Tollstjóraembættið	127.741
Þingholtsstræti 1 1794)	Valdimar Jónsson	Landsbanki Íslands hf., aðalstöðvar og tollstjóraembættið	5.638.506
Þverás 13 1795)	Gunnar Jónasson og Oddrún Þorbjörnsdóttir	Húsasmiðjan hf.	3.633.740
Þverholt 11 1796)	Eignir, ráðgjöf og rekstur ehf., Reykjavík	Tollstjóraembættið	3.696.433
Æsufell 6, 0504, 50% ehl. í 4-5 herb. íbúð á 5. hæð merkt D og B 1797)	Hafliði Birgir Ísólfsson	Kreditkort hf.	788.461
Reykjavík, 27. febrúar 2002. F.h. sýslumannsins í Reykjavík, Þuríður Árnadóttir , deildarstjóri fullnustudeildar.			

Auglýsing um innlausnarverð verðtryggðra spariskírteina ríkissjóðs

Flokkur	Innlausnartímabil	Innlausnarverð* á kr. 10.000,00
1982 - 1.fl.	Lokagjalddagi 1. mars 2002	kr. 270.092,90

* Innlausnarverð er höfuðstóll vextir, vaxtavextir og verðbætur.

Innlausn spariskírteina ríkissjóðs fer fram í afgreiðslu Seðlabanka Íslands, Kalkofnsvegi 1, Reykjavík.

Reykjavík, 25. febrúar 2002



LÁNASÝSLA RÍKISINS



SEÐLABANKI ÍSLANDS

1676)

Auglýsing um deiliskipulagi á Akureyri

Með vísan til 25. greinar skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum auglýsir Akureyrarbær hér með deiliskipulagstillögur fyrir eftirtalin svæði:

- Íbúðalóðir við Skálateig (nr. 1 og 3–7).**
Um er að ræða nánari útfærslu reita nr. 4 og 5 skv. skipulagi íbúðarbyggðar á Eyrarlandsholti frá 1998. Lóðirnar afmarkast af Þórunnarstræti, Mímisbraut, Hringteigi og Mosateigi og eru samtals um 11.220 m².
Tillagan gerir ráð fyrir 4ra til 5 hæða fjölbýlishúsum með samtals 92 íbúðum. Af 154 bíla-stæðum á lóðunum verður um helmingur í opinni bílageymslu og bílakjallara undir húsunum. Til-lagan felur m.a. í sér að fallið er frá fyrri hugmyndum um að lóðirnar verði sérstaklega ætlaðar undir heimavistir og íbúðir fyrir aldraða og ekki er gert ráð fyrir þjónustustarfsemi eins og heimilt er skv. aðalskipulagi.
 - Íbúðalóðir í Giljahverfi, IV. áfangi, C-hluti.**
Um er að ræða nýtt skipulag svæðis vestan Merkigils, beggja vegna við Fákagil. Í aðalskipulagi er svæðið merkt sem íbúðasvæði. Tillagan gerir ráð fyrir tveimur lóðum fyrir samtals 15 íbúðir í einnar hæðar raðhúsum, án bílskúra.
- Tillöguuppdráttir ásamt frekari skýringargögnum liggja frammi í þjónustuanddyri Akureyrar-bæjar, Geislagötu 9, 1. hæð, næstu 6 vikur frá birtingu þessarar auglýsingar, þ.e. til föstudagsins 19. apríl 2002, svo að þeir sem þess óska geti kynnt sér tillögurnar og gert við þær athugasemdir. Til-lögurnar eru einnig birtar á heimasíðu Akureyrarbæjar: <http://www.akureyri.is/>.
- Frestur til að gera athugasemdir við tillögurnar rennur út kl. 16.00 föstudaginn 19. apríl 2002 og skal athugasemdum skilað til umhverfisdeildar Akureyrarbæjar, Geislagötu 9, 3. hæð. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við auglýstar tillögur innan þessa frests telst vera þeim samþykkur.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Akureyrarbæjar.

1961)

Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Brautarholts á Skeiðum 1988-2008 og deiliskipulagi í Brautarholti á Skeiðum

- Samkvæmt 1. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, er hér með lýst eftir athugasemdum við breytingar á aðalskipulagi Brautarholts á Skeiðum 1988-2008. Breytingarnar felast í eftirfarandi:
- Opið svæði, til sérstakra nota stækkar til suðurs og austurs.
 - Mörk reitar sem ætlaður er undir opinberar stofnanir breytast.
 - Opið svæði til sérstakra nota breytist í íbúðir, verslun og iðnað.
 - Aðalskipulagssvæðið stækkar til suðvesturs, þar sem verða íbúðir, verslun og iðnaður.
- Jafnframt er auglýst tillaga að deiliskipulagi í Brautarholti fyrir íbúðir, verslun og iðnað skv. 1. mgr. 25. gr. sömu laga.
- Skipulagstillögur liggja frammi í Gósen í Brautarholti frá 8. mars til 8. apríl 2002. Athuga-semðum við skipulagstillögurnar skal skila til oddvita Skeiðahrepps, Reykjahlíð í Skeiðahreppi (801 Selfossi) fyrir 22. apríl 2002 og skulu þær vera skriflegar.
- Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests teljast samþykkir tillögunni.

Oddviti Skeiðahrepps.

1950)

Hjúkrunarheimilinu EIR, Reykjavík, tekið til opinberra skipta.

Hér með er skorað á alla þá, sem telja sig eiga kröfur á hendur dánarbúinu eða muni í vörslu þess, eða eiga rétt til arfs eftir hina látnu, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá því að innköllun þessi birtist fyrra sinni.

Skriflegar kröfulýsingar skulu sendar skipta-stjóra á skrifstofu hans, Tjarnargötu 10d, Reykjavík.

Reykjavík, 25. febrúar 2002.
Gústaf Þór Tryggvason hrl.
(1666 b

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Vestfjarða, upp-kveðnum þann 15. júlí 1994, var bú Skipasmíða-stöðvar Marsellíusar ehf., kt. 510483-0229, Suð-urtanga 6, Ísafirði, tekið til gjaldþrotaskipta og var undirritaður skipaður skiptastjóri í búinu.

Skiptum lauk í dag með úthlutunargerð úr þrotabúinu, en samkvæmt henni greiddust að fullu veðkröfur, alls að fjárhæð kr. 23.490.498 og forgangskröfur, samtals að fjárhæð kr. 13.609.559. Upp í almennar kröfur, sem voru samtals kr. 45.510.475 greiddust kr. 12.853.093 eða 28,2421 hundraðshlutar. Ekkert fékkst greitt upp í eftirstæðar kröfur.

Reykjavík, 25. febrúar 2002.
Þorsteinn Einarsson hrl.
(1952

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands, upp-kveðnum 5. mars 1997, var bú Páls Róberts Óskarssonar, kt. 100646-3239, Strembugötu 10, Vestmannaeyjum, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum því lokið skv. 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðslur fengjust upp í lýstar kröfur, sem námu samtals kr. 1.662.390 auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrota-skipta.

Vestmannaeyjum, 26. febrúar 2002.
Jón Hauksson.
(1953

Lögbirtingablað,

26. tölublað 2002.

Útgefandi fyrir hönd dómsmálaráðuneytisins og ábyrgðarmaður.

Eygló Halldórsdóttir

Gutenberg 